

Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin á Hvolsvelli 29. - 31. mars 2012 skorar á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að þau ríki sem fullgilt hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna virði hann og haldi á lofti. Einnig vill ráðstefnan að íslensk stjórnvöld hvetji öll ríki til að fullgilda sáttmálann. Öll aðildarríki SP, utan Sómalíu og Bandaríkjanna, hafa gert það. Okkur þykir miður að jafn voldugt ríki og Bandaríkin, sem telur sig mannréttindaríki, hafi ekki gengið á undan með góðu fordæmi varðandi réttindi barna.

Ráðstefnan fer fram á að sveitarfélögum, í samstarfi við ríkið, komi á fót ungmennahúsum um allt land. Markmiðið skal vera að allir á aldrinum 16-25 ára eigi greiðan aðgang að slíku húsi. Þessi aldurshópur gleymist því miður oft í kerfinu. Reynslan hefur sannað forvarnagildi húsanna þar sem þeim hefur verið komið á fót. Ungt fólk, sem ekki hefur verið virkt í öðru tómstundastarfi, virðist frekar finna þar samastað auk þess sem húsin efla það ungmennastarf sem þegar er fyrir í sveitarfélögum.

Ráðstefnan lýsir yfir áhyggjum sínum af atvinnumálum ungs fólks. Ríflega tvö þúsund manns á aldrinum 15-25 voru á atvinnuleysisskrá í lok febrúar og þá eru ekki taldir með námsmenn á leið út á vinnu-markaðinn í sumar. Langtímaatvinnuleysi hefur lamandi áhrif á einstaklinga. Verði þetta viðvarandi gæti dregið úr atvinnuþátttöku þessa hóps til lengri tíma. Við skorum á stjórnvöld og atvinnurekendur að fjölga úrræðum og tækifærum fyrir þennan hóp til að fá reynslu af vinnu sem byggir upp einstaklinginn og eflir hæfni hans til framtíðar. Þessu má ná fram með samstarfi við ýmsa aðila, til dæmis ungmennahús og félagasamtök. Við krefjumst þess að allir sem vilja vinna fái tækifæri til þess, jafnvel þótt launin séu lægri, til að efla félagsleg tengsl og halda virkni. Við skorum einnig á ríkisvaldið og menntamálaráðuneytið að hvetja ungt fólk til náms og styðja við þau ungmenni sem þegar eru í námi.

Við hvetjum ungmenni til að krefjast þess að stofnuð séu ungmennaráð í sínum sveitarfélögum. Réttast væri að starfsemi ungmennaráða í öllum sveitarfélögum landsins yrði sett í lög. Ráðstefnan hvetur til þess að haldinn verði þjóðfundur ungs fólks með það markmið að ungt fólk geti rætt saman og ákveðið sjálft hvernig það vill sjá sína aðkomu að stjórnkerfi landsins.

Ráðstefnan þakkar Ungmennafélagi Íslands fyrir að standa fyrir ráðstefnu á borð við Ungt fólk og lýðræði. Hún gefur ungu fólk færi á að mynda tengsl, ræða sín viðhorf, koma þeim á framfæri og sanna fyrir því að það geti haft áhrif. Við hvetjum til þess að ráðstefna sem þessi verði haldin á hverju ári og megi aðrir taka UMFÍ sér til fyrirmynndar.

Ráðstefnan þakkar forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrir að gefa sér tíma til að heimsækja ráðstefnuna og ávarpa hana. Ávarp hans var hvetjandi og gaf okkur byr undir báða vængi fyrir vinnu helgarinnar. Frábært var að finna fyrir trú hans á ungu fólk og sannfæringu á að við getum skipt miklu máli í samfélaginu.



Evrópa unga fólkssins



Menntun og menning



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ